



ROLEX
Franch Michelsen
 ÚRSMÍÐAMEISTARI
 LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVSS.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Vistvænn kostur!
GUDJÓNÓ
 VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
 Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 9. júlí 2008 – 28. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Evruvæðing

Slóvakar með grænt ljós á evru



Warren Buffett Hugsaðu áður en þú framkvæmir



FL Group
 Priggja ára saga FL Group (nú Stoðir)

Ólafur farinn frá Árvakri

„Ég hætti á síðasta ári. Það var einfaldlega kominn sá tími sem ég hafði ætla mér að vera þarna,“ segir Ólafur Jóhann Ólafsson athafnamaður um fjárfestingu sína í Árvakri.

Það vakti mikla athygli þegar Ólafur Jóhann keypti 16,7 prósent hlut í félaginu í nóvember árið 2005.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var það Björgólfur Guðmundsson sem keypti hlutinn, ekki löngu fyrir áramótin. Hann mun nú ráða um 36 prósent hlut í félaginu.

Ólafur Jóhann segist í samtali við Markaðinn aldrei hafa ætlað að eiga hlutinn í Árvakri lengi. En um brottförina segir hann. „Þetta var allt í sátt og samlyndi.“

Ólafur Jóhann segist hafa fengið arð af fjárfestingunni, en útlistar það ekki frekar.

Hluthafar í Árvakri eru nú Valtýr, Björn Hallgrímsson, Ólafsfell, Forsíða, MGM og Garðar Gíslason. Ólafsfell og Forsíða eru bæði í eigu Björgólfs. Árvakur gefur út Morgunblaðið, 24 stundir og heldur úti vefnum mbl.is. - ík

HELST Í ÚTLÖNDUM

Dýr olíudropi | Heimsmarkaðsverð á olíutunnu náði sögulegu hámarki í síðustu viku þegar tunn- an fór yfir 146 dali. Helsta ástæðan fyrir hækkuninni er talin vera stýrivaxtahækkun Seðlabanka Evrópu og ótryggt ástand í Íran.

Dow í lægð | Hlutabréfavísitölur lækkuðu á Wall Street í byrjun vikunnar. Dow Jones hefur ekki verið lægri frá því árið 2006 en hún lækkaði um 0,50 prósent á einum degi.



Stýrivextir hækka | Stýrivextir Seðlabanka Evrópu hækkuðu um 25 punkta í síðustu viku og eru nú 4,25 prósent. Ástæður hækkunarinnar liggja helst í háu matvæla- verði og 4 prósentu verðbólgu sem aldrei hefur mælst hærri.

Lækkun í Asíu | Hlutabréf í Asíu lækkuðu í gær og hefur MSCI Kyrrahafsvísitalan ekki verið lægri í tæp tvö ár. Bréf fjármála- fyrirtækja og banka lækkuðu mest og leiddu því þessa lækkun á vísitölunni.

ESB niður með VSK | Tillaga frá framkvæmdastjórn ESB liggur fyrir um að leyfa aðildarríkj- um ESB að lækka virðisaukaskatt á ákveðnum flokkum niður í fimm prósent. Lækkunin myndi einkum ná til staðbundinnar starfsemi svo sem byggingafyrirtækja og veit- ingahúsa.

Mörg fyrirtæki í kröppum dansi

Breyting hefur orðið á eignarhaldi Tölvulistans og bygg- ingafyrirtækisins Mest. Leikbær heyrir sögunni til. Búast má við frekari eignatilfærslum að kröfu lánadrottna.

Guðný Helga Herbertsdóttir
 skrifar

„Það eru engar breytingar fyrirhugaðar á fyrirtæki- nu,“ segir Hreinn Erlendsson, einn eigenda IOD, sem hefur tekið yfir Tölvulistann. IOD tók heild- sölu Tölvulistans yfir fyrir um ári, og á nú félagið í heild sinni.

Ásgeir Bjarnason, fyrrverandi eigandi Tölvulistans, segir ástæðuna fyrir sölu síni ekki vera bága skuldastöðu fyrirtækisins.

Heimildir Markaðarins herma að undanfarið hafi Tölvulistinn barist fyrir tilveru sinni. Lánadrottinnar hafi haft áhyggjur af stöðunni og jafnvel haft hönd í bagga með niðurstöðunni.

Ásgeir segist hafa selt IOD heildsölu sína í fyrra þá jafnframt kauprétt á rekstri Tölvulistans, sem nýta mátti frá áramótum. „Ég vildi hins vegar ekki selja fyrr en nú.“

IOD er ein stærsta heildsala og dreifingarfyri- rtæki í tölvuhlutum á Íslandi og er í eigu sömu aðila og eiga Heimilistæki, Sjónvarpsmiðstöðina og Max Raftæki. Hreinn Erlendsson gerir ekki ráð fyrir

öðru en að starfsmenn Tölvulistans haldi störfum sínum.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst hafa einn- ig orðið breytingar á eignarhaldi byggingafyrirtæk- isins Mest. Þar var þrjátíu manns sagt upp störfum í lok apríl. Hátt í 200 manns starfa enn hjá félaginu.

Fyrirtækið Leikbær varð gjaldþrota í vor. Leik- fangaverslunarkeðjan Just4kids tók yfir rekstur þriggja verslana hennar. Ólafur Örn Jónsson, eigandi Just4kids hér á landi, segist hafa tekið við rekstrinum og greitt fyrir, skuldirnar hafi hann ekki tekið.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst keyptu heildsalar lager Leikbæjar, sem var áður í eigu fjöl- skyldu Þorvarðar Eliassonar.

Nokkuð hefur verið um að lánadrottinnar hafi reynt að sigla viðskiptavinum sínum í var í ólgu- sjó markaðanna nú um stundir. Nærtækt dæmi eru aðgerðir Landsbankans gagnvart Nýsi. Heimildir Markaðarins herma þó að fullvíst sé talið að frek- ari eignatilfærsla verði á næstunni, þar sem sterk- ari aðilar taki yfir rekstur félaga sem búa ekki leng- ur yfir nægu eigin fé.

Bankamarkaðurinn kortlagður

Samkeppniseftirlitið undirbýr umsögn um sameiningu Kaupþings og SPRON

Samkeppniseftirlitið hefur sent bönkum og fjármálastofnunum ítarlegt erindi með fjölmörgum spurningum um íslenskan við- skiptabankamarkað. Tilfnið er fyrirhugaður samruni Kaupþings og SPRON sem samþykktur hefur verið af stjórnunum beggja félaga, en bíður nú samþykkis að- alfunda, Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins.

Bankamenn sem Markaðurinn hefur rætt við segja að erindið sé mjög viðamikilið og munu ein- hverjir lykilmenn hafa verið kallaðir til vinnu úr sumarfrí til að svara því.

Samkvæmt lögum ber Sam- keppniseftirlitinu að kortleggja stöðu og markaðshlutdeild ein- stakra aðila áður en það fellir úr- skurð um tiltekinn samruna; og

heimilar hann þá eða hafnar.

Eins og Markaðurinn hefur greint frá eru frekari samrun- ar fjármála- fyrirtækja í pípun- um. Þreifingar hafa átt sér stað milli eigenda Sparisjóðsins Byrs og Glitnis um samruna og eins þykir líklegt að fleiri sparisjóð- ir muni leita eftir samstarfi við Kaupþing þegar samruninn við SPRON er frágenginn. - bh

TrackWell

Tíma - og verkskráning Flotastýring og eftirlit
 www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK, GBP, DKK, USD, EUR

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingar- sjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluafili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjár- festingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingar- heimildir sjóðanna, visast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

BMW X6

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure

forstjóri



fyrirliði

Frumskýnum X6 nýja sportbílinn / lúxusjeppann frá BMW

BMW X6 sameinar fágun og aksturseiginleika sportbilsins við rými og fjölhæfni lúxusjeppans. Tilkoma BMW X6 hefur skapað þörf fyrir nýjan flokk bifreiða sem kallast Sports Activity Coupé (SAV). Sem fyrr er BMW leiðandi í hönnun og tækniþróun í bílaframleiðslu. Það er vissulega engin tilviljun að BMW náði fyrir nokkru að verða stærsti lúxusbílaframleiðandi í heimi.

Segja má að með X6 sé skyggst inn í framtíðina hjá BMW. Meðal annars má nefna tölvustýrðan drifbúnað sem kallast Dynamic Performance Control og vinnur með BMW xDrive fjórhjóladrifinu. DPC kerfið tryggir að senda má allt að 100% af afli vélarinnar til eins hjóls í einu. Aldrei hafa slíkir aksturseiginleikar verið í boði í svo stórum bíl. BMW X6 hefur fært markið lengra í burtu. Þetta er nýjasti leiðtogi á götunum og hvort sem þú ert forstjóri eða fyrirliði þá er þessi bíll sniðinn fyrir þig. **Líttu við í BMW umboðinu að Grjóthálsi 1. BMW X6 – fyrsti bíll sinnar tegundar.**

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - bmw@bmw.is - www.bmw.is



Með bílinn handa þér

Blaðberinn minn kemur oft með mér í bíltúr



Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heiminu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



TVEIR VIÐSKIPTARÁÐHERRAR
Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra ásamt kollega sínum, Lúbomír Jahnátek, í Slóvakíu á dögnum.
MARKAÐURINN/MAREL

Evruvæðingin grunnur að stöðugleika

Síðustu hindruninni fyrir evruvæðingu Slóvaka var rutt úr vegi í gær. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson ræddi stuttlega við viðskiptaráðherra Slóvakíu um skrefin í átt að evrunni sem stefnt er á að taka upp um áramótin.

Stöðugleikinn er mikilvægur ætli menn að gera áætlanir fram í tímann. Þar skiptir upptaka evrunnar miklu máli. Flestir eru sammála um evruvæðinguna,“ segir Lúbomír Jahnátek, viðskiptaráðherra Slóvakíu. Hann bendir á að fyrri ríkisstjórn hafi sótt um aðild að myntbandalagi Evrópusambandsins (ESB) og hafi sitjandi ríkisstjórn, samsteypustjórn fjögurra flokka, einungis haldið áfram með það sem fyrri ríkisstjórn hafi lagt upp með. Evruvæðingin sé því það sem stjórn og stjórnarandstaða sé sammála um.

Frankvæmdastjórn ESB gaf stjórnvöldum í Slóvakíu grænt ljós á evruvæðinguna í síðasta mánuði. Fjármálaráðherrar aðildarríkjanna 27 samþykku aðildina svo endanlega í gær en þá var gengi slóvösku kórúnnar að grípa í taumana og höndla með gjaldeyri til að koma genginu aftur inn fyrir markið. Slóvakía er sextánda aðildarríki myntbandalagsins ESB.

Slóvakía fékk inngöngu í Evrópusambandið ásamt tíu öðrum löndum í maí fyrir fjórum árum. Átta landanna tilheyrðu gömlu austantjaldsríkjunum með einum eða öðrum hætti. Af þeim hefur Slóvenía evruvæðst. Hin eru Kýpur og Malta, sem taka bæði upp evru síðar á þessu ári. Gangi allt eftir verður Slóvakía fjórða landið í blokkinni til að taka upp mynt bandalagsins. Eins og málin snúa stefnir í að Pólverjar, Tékkar og Ungverjar evruvæðist í fyrsta lagi árið 2010. Ekki þykir líklegt að Eistar, Lettar og Litháar nái að uppfylla skilyrði myntbandalagsins fyrir evruvæðingu fyrr en eftir 2010.

BJARTSÝNI UNÐAN SOVÉTHATTINUM

Slóvakía, þá annar helmingurinn af Tékkóslóvakíu, lá undir ofríki Sovétríkjanna á árabílinu 1948 til ársins 1989. Sléttum fjórum árum eftir að Sovétríkin tóku að liðast í sundur skildu leiðir við Tékkka. Vinfengi er engu að síður mikið á milli þjóðanna.

Allt frá fyrstu dögum sjálfstæðis tóku Slóvakar virkan þátt í alþjóðasamstarfi.

Landið fékk aðild að Atlantshafsbandalaginu (NATO) í marsmánuði 2004 og gekk í ESB eins og fyrr sagði í maí sama ár. Löndin gerðust svo aðilar að Schengen-ríkjunum skömmu fyrir síðustu jóli.

Robert Fico, forsætisráðherra Slóvakíu síðastliðin tvö ár, og kanslari Austurríkis tóku af því tilefni þátt í að rífa niður landamæra-stöð á milli landanna í tilefni dagsins.

Lúbomír Jahnátek segir að stjórnvöld í Slóvakíu hafi stefnt að því fljótlega eftir aðild að ESB fyrir fjórum árum að ná inn í myntbandalagið. „Stjórnvöld gáfu sér þrjú ár. Það er nú að ganga eftir,“ segir viðskiptaráðherra.

ÁTAK FYRIR EVRUADILD

Erlendir fjölmiðlar gera því skóna að Slóvakar verði síðasta þjóðin það sem eftir er áratugarins til að taka upp evru sem gjaldmiðil. Blásið hafi til verri vegar enda verðbólga víða skotist upp. Jahnátek segir Slóvaka hafa lagt mikið á sig til að eygja von á inngöngu í myntbandalagið, þar á meðal hafi gengi kórúnnar verið styrkt verulega – um 15 til 18 prósent – fyrir skemmstu til að hifa það nær gengi evru, sem hefur verið á mikilli siglingu frá í vor.

Fjöldi ríkisfyrirtækja hefur verið einkavæddur í Slóvakíu síðustu ár, flatur nítján prósent skattur innleiddur fyrir tveimur árum og erlendir fjárfestar og fyrirtæki laðaðir til landsins með ýmsum ívilnunum á sama tíma. Evrópskir bílaframleiðendur hafa um nokkurra ára skeið séð hag í því að flytja hluta framleiðslu sinnar til Slóvakíu – ekki síst vegna mikillar þekkingar á iðnaði þar í landi.

Síðustu ár hefur verið leitað eftir því að færa iðnaðinn upp á annað stig og laða há-tækniyrirtæki til Slóvakíu. Marel er eitt slíkra fyrirtækja. Það nam land í Slóvakíu árið 2005 en opnaði nýtt framleiðsluhúsnæði í borginni Nitra fyrir tæpum hálfum mánuði. Promens er með annað framleiðsluhús í byggingu þar í borg.

Hagvöxtur hefur að sama skapi vaxið hratt í Slóvakíu frá því það slapp undan hæl Sovétríkjanna, var 8,9 prósent á síðasta ári – einn sá mesti innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Mjög hefur dregið úr atvinnuleysi. Það mældist um tuttugu

prósent fyrir um þremur árum en mælist nú í tæpum tíu prósentum, sem er það mesta innan ESB. Verðbólga var í fyrra einungis 2,8 prósent. Heldur hefur gefið á bátinn í Slóvakíu líkt og í öðrum löndum – að mestu vegna utanaðkomandi aðstæðna – síðustu mánuði en hún mældist 4,4 prósent í maí. Til samanburðar mældist verðbólgan 12,7 prósent hér á landi í síðasta mánuði.

Verðbólgan er einmitt helsta áhyggjuefni evrópska seðlabankans en verðbólguþáttur ESB fyrir aðild að myntbandalaginu er 3,2 prósent. Verða stjórnvöld í Slóvakíu að gæta þess að verðbólga aukist ekki frekar.

Haft er eftir Martin Bruncko, ráðgjafa stjórnvalda í efnahagsmálum, nýverið að ólíklegt sé að verðbólgan fari yfir sex prósent markid.

MIKILVÆGT AÐ UPPLÝSA FÓLK

Lúbomír Jahnátek segir landsmenn hafa stutt aðild stjórnvalda í Slóvakíu að myntbandalaginu frá upphafi. Síðustu tölur gefi til kynna að svo sé enn því 56 prósent landsmanna hafi verið fylgjandi upptöku evru samkvæmt síðustu könnun í byrjun árs.

Hann segir skipta miklu að landsmenn hafi verið upplýstir um gang mála frá fyrsta degi. Slíkt eyði óvissu. „Annars gæti fólkid orðið hrætt við breytingarnar, það óttast slíkt,“ segir hann.

Sömu sögu er að segja af þingheimi: „Það hefði náttúrulega mátt ætla að upptakan gæfi stjórnarandstöðunni tilefni til mótmæla. En það var, jú, fyrri ríkisstjórn sem setti stefnuna á inngöngu í myntbandalagið. Og hún er nú í stjórnarandstöðu. Það er okkur í hag,“ segir hann og er þess fullviss að Slóvökum takist að ganga að öllum skilyrðum myntbandalagsins fyrir upptöku evrunnar á nýju ári.

Lúbomír Jahnátek verður ódámála um evrumálin enda styttest í endamarkið eftir langa vegferð. Hann leggur á það ríka áherslu að stjórnvöld og þjóðin öll hafi lagt mikið á sig fyrir aðild að myntbandalaginu. Upptakan komi öllum til góða, ekki síst viðskiptalífínu. „Sjáðu til ... Mikið af útflutningi okkar fer til evrulandanna. Áður fyrr var erfitt að gera langtímaáætlanir vegna gengisáhættu. Evruvæðingin eyðir henni og það er mikilvægast fyrir alla,“ segir viðskiptaráðherrann.

Evrusvæðið í hnotskurn

Evrópusambandið kynnti evruna til sögunnar í enda árs 1995 og gaf sambandið sér þrjú ár til að leggja grunn að henni. Hugmynd um sameiginlega mynt til að sporna við verðbólgu og draga úr vaxtunum innan aðildarríkjanna á rætur að rekja aftur til 1979.

Árið 1999 var evran innleidd sem uppgjörsmýnt og íbúar evrulandanna aðlöguðu hagkerfi sitt nýja gjaldmiðlinum þegar nýslegin myntin var tekin í notkun þremur árum síðar.

Peningamálastjórn evrusvæðisins er alfarið í höndum evrópska seðlabankans en skipulag um peningarentun, pressun og dreifingu er í höndum seðlabanka hvers lands á evrusvæðinu.

Fimmtán ESB-ríki eiga nú aðild að myntbandalaginu að ótalinni umsókn Slóvaka. Það eru Austurríki, Belgía, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Kýpur, Malta, Portúgal, Slóvenía, Spánn og Þýskaland.

Þrjú ríki af stóru ESB-löndunum hafa ekki tekið upp evru sem gjaldmiðil sinn. Það eru Bretar, Danir og Svíar en báðir þeir síðasttöldu hafa fellt aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu. Gjaldmiðill þeirra er hins vegar fasttengdur gengi evrunnar.

Þess utan hafa nokkur lönd ýmist evruvæðst eða fasttengt gjaldmiðil sinn. Það eru ýmis smárfki, svo sem Vatíkanið, Mónakó, San Marínó, Andorra, Svartfjallaland og Kosovo auk nokkur ríkja sem teljast til fyrrum nýlenduríkja.

„Sjáðu til ... Mikið af útflutningi okkar fer til evrulandanna. Áður fyrr var erfitt að gera langtímaáætlanir vegna gengisáhættu. Evruvæðingin eyðir henni og það er mikilvægast fyrir alla,“

Á FERÐALAGI



FÖSTUDAGUR:

Í bítíð
Ívar Guðmunds
Rúnar Róberts
Reykjavík síðdegis

LAUGARDAGUR:

Hemmi Gunn og Svansí

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Bylgjan á ferðalagi um landið í sumar

Bylgjan og Olís eru komin í sumarskap og verða á ferðalagi með þér í allt sumar!

Það verður öllu tjaldað til og við hefjum leik á föstudagsmorgnum með Kollu og Heimi í bítinu, Ívar tekur við og Rúnar fylgir fast á eftir. Við endum svo daginn með strákunum í Rvík síðdegis.

Eftir hádegi á laugardögum eru það Hemmi Gunn og Svansí sem skemmta hlustendum auk þess að draga heppinn hlustanda úr potti Ævintýraeyju Olís, sem er frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar á www.olis.is.

Vertu með Bylgjunni og Olís í allt sumar – á ferðalagi!

Ævintýra-
eyjan

olis

Hugsaðu um það sem þú gerir

Warren Buffett er talinn vera ríkasti maður í heimi. Hann er snillingur í fjárfestingum og hefur iðulega ávaxt að pundið mun betur en aðrir. Hann telur að auðmenn eigi að greiða til sameiginlegra sjóða eins og annað launafólk. Þá ætlar hann að láta auðæfi sín renna til góðgerðarmála að lokinni jarðvist. *Ingimar Karl Helgason* kynnti sér feril Buffett og nokkrar fjárfestinga hans.

Fólk leggur við hlustir þegar hann talar. Svona mætti lýsa bandaríska fjárfestinum Warren Buffett, ríkasta manni í heimi. Hvers vegna er hann ríkur, hvað á hann og af hverju er fólk svo mikið í mun að heyrna boðskap hans?

Í FYRSTA SÆTI

Auður Warrens Buffett er talinn nema 62 milljörðum Bandaríkjadala, eða sem nemur 4.800 milljörðum íslenskra króna. Til samanburðar er hrein eign íslenskra lífeyrissjóða um 1.700 milljarðar króna. Eignir þessa eina manns nema því um þreföldum lífeyrisparnaði íslensku þjóðarinnar.

Buffett er talinn vera ríkasti maður heims. Hann velti Bill Gates, stofnanda Microsoft, úr efsta sætinu í ár, en eignir Buffettts jukust um tíu milljarða dala frá því í fyrra.

Ávöxtun af fjárfestingum Buffettts hefur yfirleitt verið mjög mikil og langt umfram það sem almennt gerist. Frá því á sjöunda áratugnum, þegar Buffett varð fyrst stórtækur í fjárfestingum, og fram á þann tíunda, hafa fjárfestingar hans skilað um 28 prósentu ávöxtun á ári þegar meðaltal helstu hlutabréfavísitalna hefur aðeins vaxið um þriðjung af því.

EINFÖLD HUGMYNDAFRÆÐI

Hugmyndafræði Buffettts við fjárfestingar er einföld. Að kaupa þegar verðið er lágt. Raunar liggur meira hér að baki, en þetta er eitt grunnstefið.



Bókin Warren Buffett-aðferðin, eftir Robert G. Hagstrom, kom nýlega út hér á landi í íslenskrri þýðingu. Þar er fjallað um hugmyndafræði Buffettts og fyrir- tæki hans, Berkshire Hathaway.

Hagstrom segir meðal annars

frá því að á bak við hverja fjárfestingu Buffettts sé mikill lærdómur. Hann kaupir fátt nema hafa kynnt sér málið ofan í kjölinn. Hann fylgist ekki með hlutabréfavísitölum frá degi til dags, heldur kynni sér það sem liggur

Hugmyndafræðileg kreppa

„Warren Buffett hefur verið í umræðunni hjá mér og ýmsum vinum mínum sem eru í viðskiptum. Þess vegna kviknaði hugmyndin um að þessi bók yrði sú fyrsta sem ég gæfi út hjá litla forlaginu mínu. Það lá eiginlega beinast við.

Ég hafði sjálfur lesið hana og vinir mínir eru aðdáendur bókarinnar og Buffettts,“ segir Mikael Torfason, útgefandi bókarinnar Warren Buffett-aðferðin.

Mikael segir að fyrsta útgáfa bókarinnar hafi komið út eftir að netbólan sprakk. „Þá höfðu menn hlegið að Buffett. Nú væri karlinn búinn að missa það, að taka ekki þátt í ofurgróðanum. En svo sprakk bólan, en Buffett hélt áfram að græða. Kannski eru svipaðar aðstæður nú.“

En hver á að lesa bók um Warren Buffett? Er þetta sjálfshjálparbók fyrir misheppnaða bankamenn? „Já, að einhverju leyti. Hún er auðvitað mjög fagleg. Við höfum verið heilapvegin af ákveðinni hugmyndafræði. Bara hugtakið útrásarvikingur er dæmi um það. Ég var sjálfur í klapplíðinu. Kreppan núna er því ekki bara fjárhagsleg. Hún er líka hugmyndafræðileg. Nú er hins vegar komin bók. Ef fólk les hana og fer eftir því sem þar er sagt þá verða sveiflurnar minni en við finnum fyrir nú. Því Buffett finnur ekkert fyrir kreppunni.“

Mikael fullyrðir að bókin eigi erindi við alla. Allir séu með einum eða öðrum hætti þátttakendur í viðskiptalífinu. „Allir sem eru í vinnu, kaupa vörur og þjónustu, leggja fyrir lífeyrissparnað. Allir geta nýtt sér þessa bók og eins og Warren Buffett hagar sínum fjárfestingum þá er það til eftirbreytni,“ segir Mikael Torfason.



1950

1960

1970

1980

1963

Borgar sig að taka kortið með í mollið?

American Express er nú í 73. sæti Fortune 500 listans. Buffett keypti fyrst í félaginu árið 1963 og byrjaði strax að uppskera hagnað. Hann á nú þrettán prósentu hlut í félaginu og hefur hagnast margfalt á hinni upprunalegu fjárfestingu. Kreditkort eru allt að því nauðsynleg viðast hvar, til dæmis þegar þarf að leigja bíl, hvort sem okkur líkar betur eða verr.

NORDICPHOTOS/GETTY



1967

Þú tryggir ekki eftir á

Buffett festi fyrst kaup á tryggingafélagi árið 1967. Þá keypti hann National Indemnity Company og National Fire and Marine Insurance Company. Hann greiddi 8,6 milljónir Bandaríkjadala fyrir. Síðar eignaðist hann GEICO (Government Employees Insurance Company, sem er einn helsti bilatryggjandi Bandaríkjanna. Berkshire Hathaway á nú fjölda tryggingafélaga.

MARKAÐURINN/E.ÖL



1973

Hetjur í blaðamennsku

Buffett keypti hluta í Washington Post árið 1973. Hann hafði þá nokkrum árum fyrr keypt blaðið Omaha Sun og hefur síðar eignast fjölmarga fjölmiðla til viðbótar, meðal annars Business Wire. Enda þótt þeir Woodward og Bernstein sem hér eru túlkaðir af frægum leikurum hafi unnið mikinn sigur í blaðamennsku, segist Buffett eiga fjölmiðla af því að þeir geti skilað arði. Jafnvel lélegt blað geti skilað góðum vexti og arði eigi það ekki í mikilli samkeppni.



1983

Fólk kaupir af því það er ódýrt

Rose Gorelick fæddist í Minsk skömmu fyrir aldamótin 1900. Hún hóf að selja húsgögn úr kjallara sínum árið 1937. Þetta óx og varð Nebraska Furniture Mart. Hún seldi reksturinn til Warrens Buffett árið 1983 fyrir 60 milljónir Bandaríkjadala. Síðan hefur reksturinn þanist út. Haft er eftir henni, að sé varan nógu ódýr gætu kunnarnir fundið búiðna þótt hún væri á árbotni. Buffett tekur undir þetta. Verslanir NFM eru enda ekki í alfaraleið, en þar er nóg að gera.

MYND/NFM.COM



SAGAN Á BAK VIÐ ... GUÐMUND HAUSSON, FORSTJÓRA SPRON

Bankamaður sem flýgur og siglir skútum

Ætla má að síðasta vika hafi verið erilsöm hjá Guðmundi Hauksyni, forstjóra SPRON, vegna sameiningar SPRON og Kaupþings. Þó að ekki hafi neitt verið afráðið varðandi breytingar innan SPRON í kjölfar sameiningarinnar má ætla að hagræðing í rekstri sé líkleg þegar fram líða stundir. Endanlegar hugmyndir um yfirstjórn útibúa liggur ekki fyrir þar sem afgreiðsla af hálfu fyrirtækjanna beggja, hluthafa og eftirlitsaðila er ekki lokið. Líklegt er að þessar ákvarðanir liggja fyrir í

haust og þá væntanlega hvort að starf Guðmundar sem forstjóri SPRON breytist.

Guðmundur tók verslunarpróf frá VÍ árið 1968 og lauk stúdentsprófi tveimur árum síðar. Þaðan lá leið hans í viðskiptafræði við Háskóla Íslands en hann útskrifaðist þaðan árið 1976. Hann hefur tekið ýmis námskeið á sviði markaðs- og fjármála auk þess sem hann hefur réttindi einkaflugmanns og siglir skútu.

Guðmundur hefur rúmlega 20 ára reynslu úr íslenskum fjár-

málamarkaði. Hann var forstjóri Sparisjóðs Hafnarfjarðar (1986-1987), forstjóri Útvegsbankans (1987-1989), framkvæmdastjóri í Íslandsbanka (1989-1991), forstjóri Kaupþings (1991-1996) og hefur starfað sem forstjóri SPRON síðan 1996. Guðmundur var einnig sveitarstjóri Vatnsleyustrandarhrepps árin 1973-1976. Hann hefur átt sæti í stjórnnum ýmissa félaga og samtaka fyrir hönd SPRON; s.s. Kaupþings hf., Scandinavian Holding, Tryggingarsjóðs Sparisjóða, lífeyrisjóðsins Einingar,

Frjálsa fjárfestingarbankans, Exista. Guðmundur á einnig sæti í fulltrúaráði Samtaka atvinnulífsins.

Guðmundur er fæddur 2. ágúst árið 1949 í Reykjavík. Hann er kvæntur Ás- laugu Björgu Viggósdóttur og eiga þau einn son. Guðmundur

á einnig tvo stjúpsyni og þrjú börn úr fyrra hjónabandi.



SPÁKAUPMAÐURINN

Bitið í erlendan skuldahala

Síðustu dagar hafa verið líkastir endurteknum þætti af Innliti/útliti á Skjá einum. Þar er allt svart og hvítt. Svart er tískuliturinn núna, að mér sýnist, og kominn í sálatetrið. Ég bið eftir hvíta litnum.

Allt virðist á niðurleið. Gengið hrynur í Kauphöllinni, litlu fiskarnir að gufa upp og fyrirtækin að hverfa eitt af öðru í skjól undir radar markaðarins. Ekki er víst að þau bjargi sér undan hríðinni þar enda bitur krónan í erlenda skuldahalann þeirra hvert sem farið er. Hætt er við að stóru fiskarnir einfaldlega gufni þeim í sig.

Annars botna ég lítið í þeirri erlendu skuldabyrði sem Íslendingar hafa komið sér í. Auðvitað var í lagi að kaupa eins og vitlaus maður í útlöndum og hella í sig bragðgóðu rauðvíni á snarvitlausu gengi síðasta sumar – og jafnvel fram á haustið.

Verst að á fylleriinu virðist sem menn hafi tekið erlend lán eins og enginn væri morgundagurinn, sér í lagi evrur – þrátt fyrir varnaðarorð greiningardeilda og annarra sem stöppuðu niður fæti og sögðu krónuna fara senn út í hafsaugu. Þetta minnir svolítið á þá sem ekki gátu tekið tappa úr flösku án þess að vakna í Kaupmannahöfn, af öllum stöðum í veröldinni!, fyrir nokkrum árum og áttuðu sig á því í þynnkunni á Kóngsins Nýjatorgi að nú þyrftu þeir kannski að hringja heim. Varnaðarorð SÁÁ frá í barnaskóla einfaldlega virkuðu ekki.

Timburmennirnir eru eftir því slæmir núna enda menn að átta sig á því að kannski hefðu þeir átt að hafa tekjur í evrum á móti skuldum. Eða bara taka þetta í krónum og brosa þegar tekjur í erlendu skiluðu sér í hús. Ég vona í það minnsta að menn hafi áttað sig á því. Ef ekki nú þá verður það of seint. Sem það líklega er.

Sjálfur skála ég náttúrulega fyrir þessu havarí á krónunni – sem ég kalla leiðréttingu – í rauðvíni sem ég keypti í fyrra á niðurstettu og kolröngu gengi. Og tel mig ansi forsjálan enda keypti ég miklu fleiri flöskur en ég sá fram á að geta nokkru sinni drukkið á góðu kvöldi, hvað þá tveimur.

Skál fyrir fyrirhyggjuni.

Spákaupmaðurinn á horninu

Er of hátt hitastig?

Loftkæling fyrir:

- Netþjóna
- Skrifstofur
- Veitingastaði
- Verslanir



is-húsið
S: 566 6000

Netverslun ishusid.is

Fáðu ferskar íþróttufréttir á hverjum morgni



Fréttablaðið stendur vaktina á hverju kvöldi – líka á laugardögum. Þannig færur við þér nýjustu úrslitin og staðgóða umfjöllun á morgunverðarborðið hvern einasta morgun.*

*Sunnudagsútgáfa Morgunblaðsins er prentuð á laugardegi áður en íþróttáúrlit dagsins liggja fyrir og 24 stundir koma hvorki út á sunnudögum né mánudögum. Auk þess fara 24 stundir í prentun aðra daga áður en íþróttaleikjum kvöldsins er lokið.

Fréttablaðið er eina dagblaðið sem færir þér ferskar íþróttufréttir alla morgna vikunnar, líka á sunnudögum.



Allt sem þú þarft – alla daga

FL Group: 10. mars 2005 - 4. júlí 2008

Nafni FL Group var breytt í Stoðir á föstudag í síðustu viku. Samhliða því keypti félagið fjörutu prósentu hlut í Baugi Group. Þetta er loka-hnykkurinn á viðamiklum breytingum á félaginu sem staðið hafa yfir síðan fyrir síðustu jóli.

Nafnið var tekið upp á aðal-fundi félagsins í mars fyrir þremur árum og var Flug-leiða-nafnið þá lagt til hlíðar. FL Group, sem á árum áður hafði verið fremur hefðbundin flugrekstrarfélag sem ein-

beitti sér að gangi Ícelandair, varð að alþjóðlegu fjárfest-ingarfélagi með stöðutökur í flugrekstri víða um heim, drykkjarvörugæiranum, versl-anarekstri og í fjármálastarf-semi.

Eins og sjá má á mynd-inni tók FL Group flugið með nýju og alþjóðlegu nafni. Ósagt skal látið hvort flugið hafði verið of hátt. Á seinni hluta síðasta árs kvarnaðist úr eignasafninu og standa nú nokkrar stórar kjarnaeygnir eftir.

Með 11,5 prósent í easyJet.
Á nú 13,01 prósent í easyJet.
Hagnaðurinn 1,9 milljarðar króna á fyrri hluta árs.
Jón Sigurðsson, núverandi forstjóri, ráðinn framkvæmdastjóri á fjárfestingar-sviði FL Group.
Selur Íslandsferðir.

Síðasti aðalfundur Flugleiða. Nafninu breytt í FL Group. Hagnaður Flugleiða 2004 3,4 milljarðar króna.
Hagnaðurinn 25 milljónir á fyrsta ársfjórðungi. Einkennist af góðum árangri í fjárfest-ingastarfsemi.

26. OKTÓBER 2005
FL Group hefur eignast 16,18 prósent í easyJet.
18. NÓVEMBER 2005
Hagnaður 6,6 milljarðar króna sem er rúmlega 130 prósentu aukning á milli ára.
Kaup á Sterling með Fons.
Hannes Smárason tekur við forstjórastólnum af Ragnhildi Geirsdóttur.

15. FEBRÚAR 2006
FL Group kaupir 10,7 prósentu hlut í Royal Unibrew A/S, næst-stærsta drykkjarvöruframleiðanda í Skandinavíu.
17. FEBRÚAR 2006
Flaggar 6,2 prósentu hlut í Bang og Olufsen.
1. MARS 2006
FL Group bætir við hlut sinn í Royal Unibrew.
FL Group með 9,4 prósent í Finnair.

4. JANÚAR 2006
FL Investment, dótturfélag FL Group, með 2,44 prósent í finnska flugfélaginu Finnair.
5. JANÚAR 2006
FL Group kaupir Sterling.
9. JANÚAR 2006
Hlutur FL Group í Glitni nemur 16,37 prósentum.
24. JANÚAR 2006
FL Group selur Ferðaskrifstofu Íslands.
13. FEBRÚAR 2006
FL Group selur Magnúsi Kristins-syni Billaileigu Flugleiða.

28. JÚNÍ 2006
FL Group kaupir 24,2 prósentu hlut í Straumi-Burðarásí fyrir 47 millj-arða króna. Seljendur eru Magnús Kristinsson og Kristinn Björnsson
28. JÚNÍ 2006
FL Group flaggar 20,47 prósentu hlut í Royal Unibrew.
3. JÚLÍ 2006
FL Group kaupir hlut í fjárfest-ingarfélaginu Unity. Félagið á 20 prósent í French Connection, 28,5 prósent í Moss Bros og tólf prósentu hlut í bresku verslana-keðjunni Woolworths.
14. ÁGÚST 2006
Eignarhlutur í Glitni 24,4 prósent.
22. ÁGÚST 2006
FL Group kaupir í House of Fraser.

1. ÁGÚST 2007
Hagnaður FL Group á fyrri hluta ársins 23,1 milljarðar króna.
7. SEPTEMBER 2007
FL Group tilkynnir að félagið eigi í viðræðum um kaup á breska leikja- og afþreyingarvirðisáttu Inspired Gaming. Tilboðið hljóðar upp á 385 pens á hlut.

15. JANÚAR 2008
FL Group tilkynnir að félagið hafi selt stóran hlut sinn í þýska bankanum Commerzbank.
13. FEBRÚAR 2008
FL Group skilar tapi upp á 67 millj-arða árið 2007. Skrifstofu í Kaup-mannahöfn lokað. Geysir Green Energy selt til sjóða í eigu Glitni.
5. MARS 2008
FL Group selur hlut sinn í Aktív Kapital.
31. MARS 2008
Allur hluturinn í Finnair seldur fyrir 13,6 milljarða króna.
8. APRÍL 2008
Breytingar á eignarhaldi Baugs í FL Group.

2. MAÍ 2008
FL Group óskar eftir afskráningu úr Kauphöllinni.
8. MAÍ 2008
FL Group tapar 47,8 milljörðum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins
19. JÚNÍ 2008
Ingibjörg Pálmadóttir tekur við af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni sem stjórnarfor-maður FL Group. Hannes Smárason, fyrtum forstjóri, og Pálmi Haraldsson, tveir af stærstu hluthöfum félagsins, hættu báðir í stjórninni.

30. NÓVEMBER 2007
FL Group selur stærsta hluta sinn í AMR. FL Group komið með 99 prósent í Tryggingamið-stöðinni.
2. DESEMBER
Hlutabréf FL Group færð á athugasemdir Kauphallarinnar og viðskipti með þau stöðvuð.
3. DESEMBER 2007
Jón Sigurðsson, aðstoðar-forstjóri FL Group, tekur við forstjórastólnum.
19. DESEMBER 2007
FL Group selur 11,7 prósentu hlut í Finnair. Hætt við yfirhöku á breska afþreyingarvirðisáttu Inspired Gaming.

17. SEPTEMBER 2007
FL Group kaupir 46 prósentu hlut í Tryggingamiðstöðinni. Félagið er komið með 83,7 prósent í Trygg-ingamiðstöðinni.
26. SEPTEMBER 2007
FL Group með 4,25 prósentu hlut í Commerzbank.
4. OKTÓBER 2007
Geysir Green Energy og Reykjavík Energy Invest sameinast.
19. OKTÓBER 2007
FL Group gerir yfirhöku tilboð í Trygg-ingamiðstöðina.
2. NÓVEMBER 2007
FL Group tapar 27 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi. „Órói var á erlendum fjármálamörkuðum á fjórðungnum [...] endurspegladist í tímabundnum sveiflum á okkar eignasafni.“ segir Hannes Smárason, forstjóri FL Group.

2. FEBRÚAR 2007
FL Group með 30,4 prósent í Glitni og 22,4 prósent í Finnair.
22. FEBRÚAR 2007
FL Group flaggar 8,63 prósentu hlut í AMR.
27. APRÍL 2007
FL flaggar tæpum þriðgja prósentu hlut í þýska bankanum Commerzbank.
27. APRÍL
Hagnaður FL Group á þriðja ársfjórðungi nemur 15,1 milljarði króna. Eign í Glitni komin í 31,97 prósent.
22. MAÍ 2007
Fjárfest í fasteignaverkef-num í Bandaríkjunum.
30. MAÍ 2007
FL Group selur öll hluta-bréf sín í Bang & Olufsen.

16. OKTÓBER 2006
FL Group gengur frá sölu á Ícelandair Group.
13. NÓVEMBER 2006
Hagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins nam 10,9 milljörðum króna samanborið við 6,6 millj-arða árið á undan.
27. DESEMBER 2006
FL Group flaggar tæpum sex prósentu hlut í bandarísku flug-rekstrarsamstæðunni AMR. Hannes Smárason kosinn maður ársins hjá Markaðnum.

7. MARS 2006
FL Group flaggar 10,1 prósentu hlut í Bang & Olufsen og tæpum níu prósentu hlut í norska fjár-málafyrirtækinu Aktiv Kapital.
13. MARS 2006
Hagnaður FL Group nam 17,3 milljörðum króna árið á undan.
4. APRÍL 2006
FL Group með tíu prósent í Finnair.
5. APRÍL 2006
FL Group selur hlut sinn í easyJet.
6. APRÍL 2006
FL Group opnar skrifstofu í Kaup-mannahöfn í Danmörku.
12. APRÍL 2006
FL Group kaupir tæpan helming í Refresco.
17. MAÍ 2006
Skrifstofa opnuð í Lundúnum í Bretlandi.
18. MAÍ 2006
Hagnaður á fyrsta ársfjórðungi nemur 5.839 milljónum króna. Á sama tíma árið á undan nam hagnaðurinn lítlum 25 milljónum króna.

1. janúar 2005 1. janúar 2006 1. janúar 2007 1. janúar 2008 4. júlí 2008



Sundsumar!

Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma lauganna á www.itr.is

Laugarnar í Reykjavík



www.itr.is | sími 411 5000

BANKA HÓLFID

Forystufé

Íslenskir bændur hafa löngum þótt sjá lengra en nef þeirra nær. Í nýjasta tölublaði Bændablaðsins eru forystulömb auglýst til sölu í haust. Séu þau undan rólegum og gæfum fjárstofni. Einfalt mál er að yfirfæra auglýsinguna yfir á íslenskan hlutabréfamarkað, sem hefur einmitt verið með rólegasta móti upp á síðkastið. Fjárfestar gætu reyndar séð til glætu í svo sem einum forystusauð, fjárfesti sem leiði hina sauðina af grösugum skuldabréfamarkaði og aftur inn á hlutabréfaengið. Aldrei að vita nema það gerist einmitt með haustinu, eða um svipað leyti og forystulömbin fara á kreik í sveitinni.



Litlu lömbin

Auðkennaleysi í viðskiptum í Kauphöllinni hefur gert litlu fjárfestunum erfitt um vik enda erfitt að fylgjast með því hvernig stóru fjárfestarnir varða veginn með stórtækum hlutabréfakaupum fyrr en í enda dags – jafnvel ekki fyrr en daginn eftir. Þetta má sömuleiðis yfirfæra yfir á sauðféð enda fáu við að líkja um auðkennaleysið en forystusauði sem segir í enda dags hvaða gjöfuga engi hann hefur fundið. Á eftir fylgja svo lömbin – en degi of seint. Eins og áður segir verða forystulömb seld í haust og munu þau efalítið pluma sig vel í lífsbaráttunni. Hin, eins og gengur, verða á sama tíma leidd til slátrunar. Illkvittinn getur auðveldlega yfirfært slátrartöina yfir á hlutabréfamarkaðinn.

Liðssöfnun hafin?

Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður vakti mikla athygli með grein í Fréttablaðinu á dögunum, þar sem hann hvetur til Evrópusambandsaðildar og upptöku evru. Sveinn Andri er harður sjálfstæðismaður og í innsta hring heilbrigðisráðherra, Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Í því ljósi var athyglisvert að heyra herútkall lögmansins í kvöldfréttum Stöðvar 2 á mánudag, þar sem Sveinn Andri sagði: „Ég hins vegar skynja það meðal minna félaga í Sjálfstæðisflokknum að menn eru að verða sífellt meira og meira opnir fyrir þessari leið – sambandsaðildinni – og ég held að þessari skoðun vaxi ásmegin.“

Og engu er líkara en liðssöfnunin sé þegar hafin, því Sveinn Andri klykkti út með þessum orðum: „en að öllum líkindum má gefa sér það að Evrópusinnarnir innan Sjálfstæðisflokksins verði á næsta landsfundi nokkuð áberandi.“



14%

Greining Glitnis spáir rúmlega 14 prósentu ársverðbólgu í þessum mánuði. Jafnframt er gert ráð fyrir að verðbólgan verði töluverð fram á haust.

6,88

Gengi Exista í gær. Það er talsverð breyting frá því að bréf félagsins náðu genginu 40,25 í lok júlí í fyrra.

1,5

milljónir lítra af bjór. Carlsberg seldi yfir 1,5 milljónir lítra af bjór á Evrópumótinu í knattspyrnu í síðasta mánuði. Er þetta mesta bjórsala hjá brugghúsinu síðan það varð stuðningsaðili mótsins árið 1988.


EIGNARHALDSFÉLAGIÐ STOÐIR

Eignarhaldsfélagið Stoðir er öflugur kjölfestufjárfestir með skýra fjárfestingarstefnu sem styður og eflir kjarnafjárfestingar sínar í Glitni, Baugi Group, Landic Property og TM.

BAUGUR GROUP
Baugur á eignarhluti í fjölmörgum fyrirtækjum í smásöluverslun í Bretlandi, Bandaríkjunum og á Norðurlöndum. Meðal helstu fjárfestinga Baugs eru Iceland, House of Fraser, Mosaic Fashions, Hamley's, Magasin du Nord, Illum og Saks.



GLITNIR
Glitnir er norrænn banki með höfuðstöðvar á Íslandi og starfsemi í 10 löndum. Glitnir veitir viðtæka fjármálaþjónustu á borð við fyrirtækjalánastarfsemi og ráðgjöf, markaðsviðskipti, eignastýringu og viðskiptabankþjónustu á helstu mörkuðum sínum.



TM
TM er eitt stærsta tryggingafélag á Íslandi og býður alhliða váttryggingaþjónustu og viðtæka fjármögnunarþjónustu. Dótturfélag TM í Noregi er Nemi Forsikring.



LANDIC PROPERTY
Landic Property er eitt stærsta fasteignafélag Norðurlanda. Félagið á um 500 fasteignir í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og á Íslandi og leigir út um 2,6 milljónir fermetra til yfir 3.400 leigutaka.

www.stodir.is

STOÐIR



Flytjum allt fyrir þig til og frá Snæfellsnesi

RAGNAR & ÁSGEIR EHF.



STYKKISHÓLMI - GRUNDAFIRÐI - SNÆFELLSBÆ
Sólvellir 7 • 350 Grundarfirði • 430 8100

